

Á grundvelli fyrirbyggjandi forsendna (a - k)  
gera Sveinssafn, kt. 690498-2439, hér eftir nefnt Safnið  
og Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Bærinn með sér svofelldan

## SAMSTARFSSAMNING

1. Sveinssafn tekur að sér að halda úti eftirfarandi grundvallarstarfsemi á samningstímanum<sup>1</sup>: Sýningahald í Krýsuvík fyrsta sunnudag í mánuði yfir sumarmánuðina júní – september (opnun í maí í tengslum við vormessu í Krýsuvíkurkirkju og lokun í október í tengslum við haustmessu í sömu kirkju). Stendur hver sýning yfir í tvö - þrjú ár. Stefnt verði að því að fjölga opnunardögum á samningstímanum. Það mun ráðast af frekari öflun styrkja til safnsins hvort það verði hægt<sup>2</sup>. Að auki tekur Sveinssafn á móti hópum eftir samkomulagi á öllum tímum ársins eins og verði hefur.

2. Safnið heldur áfram að vera bakhjarl messuhalds þegar það hefst á ný í hinni endurreistu Krýsuvíkurkirkju með því að bjóða upp á messukaffi og messugestum upp á opnun nýrra sýninga skv. þeirri hefð sem skapast hefur í tengslum við vormessuna auk þess að sinna ýmsum þáttum messuhaldsins, verði þess óskað, líkt og verði hefur.

3. Safnið tekur þátt í samsýningum að uppfylltum ákveðnum lágmarkskröfum og veitir öðrum listasöfnum og fræðimönnum alla mögulega fyrirgreiðslu.

4. Bænum gefst kostur á að nýta Sveinshús fyrir móttöku gesta eða fundi sem kalla á friðsælt umhverfi, t.d. fyrir einstaka nefndir bæjarins eða erlenda gesti, þegar þannig verkast vill. Bænum gefst einnig kostur á að fá aðstandendur safnsins til að kynna list Sveins Björnssonar í grunnskólum bæjarins á síðari hluta samningstímans, verði þess óskað.

5. Vegna þessara grunnþátta styrkir Hafnarfjarðarbær Sveinssafn um kr. 1.000.000. – á ári að viðbættum verðlagsbreytingum á samningstímanum. Að 3 árum liðnum frá undirskrift samnings þessa verður styrktarupphæðin tekin til endurskoðunar í tengslum við úttekt á framkvæmd samningsins.


6. Samningsaðilar eru sammála um að þessi stuðningur dugar safninu ekki til að halda úti launuðu safnstjórarstarfi (lág. 50%)<sup>3</sup>. Safnið mun því vinna að frekari fjáröflun til að geta greitt lágmarkslaun sem er nauðsynlegt til að það fái stýrgreint sem „viðurkennt safn“ gagnvart safnaráði og Safnasjóði. Safnið stefnir að því á síðari hluta samningstímans að verða stýrgreint sem „ábyrgðasafn“<sup>4</sup> enda þarf safnið að geta leitar eftir stuðningi Safnasjóðs og hyggst ná því markmiði eins fljótt og verða má á samningstímanum. Fram að þeim tíma leitar safnið eftir samningum við viðbótarstyrktaraðila og aflar sér tekna með leigu myndverka og sölu á birtingarétti og með útgáfu dagatala.

7. Til viðbótar við árlega styrkveitingu bæjarins sem tryggir að safnið geti boðið upp á reglubundið sýningarhald, sbr. 1. gr. og staðið undir grunnrekstri starfsemi sinnar mun Bærinn með samningi þessum taka að sér að greiða niður áhvildandi lán á aðstöðu safnsins að Trönuhrauni 1 í Hafnarfirði á samningstímanum og lítur á þá niðurgreiðslu sem stofnframlag til Sveinssafns. Takist áform um að sækja um stöðu „viðurkennds safns“ gagnvart Safnráði og ef sú staða leiðir til þess að safnið geti fengi stofnframlag úr Safnasjóði mundi slíkt framlag minnka stofnframlag Bæjarins sem þessari upphæð nemur.

8. Vegna fjárframlaga Bæjarins verður ekki innheimtur aðgangseyrir í Sveinshús í Krýsuvík.

9. Komi til þess að bærinn heimili djúpholuborun í næsta nágrenni við Sveinssafn í Krýsuvík þurfa samningsaðilar að gera sér grein fyrir hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér fyrir rekstur safnsins og ráða ráðum sínum um viðbrögð og bætur.

10. Safnið tekur að sér að sinna skráningu safnkostsins á samningstímanum. Skráningunni fylgir ljósmyndun og/eða eftir atvikum skönnun listaverkanna sem eru hátt í 9000 að tölu. Safnið mun einnig skrá og ljósmynda eftir megni sem flest verk eftir Svein í eigu annarra en umtalsvert hefur verið unnið á því sviði á undanförunum árum<sup>5</sup>. Safnið gerir grein fyrir árangri þessa verkþátta á samningstíma loknum.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20.1.2014
Málsnr:	1401656
Bréfali:	265

11. Safnið mun gefa út listaverkadagatöl á samningstímanum. Munu þau hafa útgangspunkt í sýningum safnsins í Krýsuvík og koma út að vori fyrir árið sem á eftir fylgir<sup>6</sup>. Bærinn skal njóta góðs af þessari útgáfu án endurgjalds.

12. Fá safnið viðurkenningu Safnaráðs og styrki þess mun það endurbyggja heimasíðu sína m.a. með þá áætlun að efna til sýningar á verkum Sveins á heimasíðunni. Samhliða heimasíðu heldur safnið úti Fésbókarsíðu eins og verið hefur. Safnið stefnir að því í framtíðinni að nýta netið í þágu listarinnar m.a. með því að gefa áhorfendum (áskrifendum sínum) færi á að sjá sýningar í Sveinshúsi heima í stofu<sup>7</sup>.

13. Um miðjan samningstíman munu liggja fyrir drög að útgáfu netbókar fyrir spjaldtölvur um list Sveins Björnssonar, sem lokið verður við á samningstímanum. Sömmuleiðis eru samningsaðilar sammála um að stefna beri að því að safnið haldi fjórðu sýningu sína á verkum Sveins Björnssonar í Hafnarborg á samningstímanum<sup>8</sup>.

14. Gert verður verðmætamat á safninu á síðari hluta gildistíma samningsins, sem byggir á skráningu listaverkanna og mati á öðrum eignum safnsins, þannig að samningsaðilar geri sér grein fyrir áætluðu verðmæti Sveinssafns að samningstímanum loknum. Núverandi eigendur hyggjast ekki leggja rekstur safnsins á herðar afkomendur sinna. Að 10 árum liðnum verður því eignarhald og rekstrarform safnsins tekið til endurskoðunar enda tveir af þremur eigendum safnsins þá komnir á áttæðisaldur. Hafnarfjarðarbær hefur forkaupsrétt komi til þess að safnið verði selt og mun þá niðurgreiðsla húsnæðislánsins koma til frádráttar kaupverði. Samningsaðilar eru sammála um að hafti verði náð samráð á síðari hluta samningstímans um hvað viðtaki að samningstímanum loknum.

15. Gildistími samnings þessa er 10 ár en hann skal endurskoðaður á þriggja ára fresti frá undirskrift samnings þessa jafnframt því sem þá verður gerð úttekt á því hverju samningurinn hefur skilað þriðja hvert ár.

16. Uppsagnarákvæði.

Hafnarfirði,

f.h. Sveinssafns ehf.

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

<sup>1</sup> Þessari grunnstarfsemi hefur Sveinssafn haldið úti frá stofnun þess árið 1998.

<sup>2</sup> Styrkir úr Safnasjóði, hugsanleg sumarafleysingavinna ungmenna?

<sup>3</sup> „2.Verkefnastyrkir: Söfn sem safnalög ná til geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs“.

<http://www.safnarad.is/media/leidbeiningar/uthlutunarreglur-2010.pdf> - Skv. safnalögum þurfa „[ö]ll söfn nema höfuðsöfn [þurfa] að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði laga þessara. Til að safn geti hlotið viðurkenningu safnaráðs þarf það skv. safnalögum „að vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis (á við um Sveinssafns, sem rekið er sem einkahlutafélag) sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn“.

<http://www.althingi.is/lagas/140a/2011141.html> – Vandamál Sveinssafns gagnvart safnalögum og safnaráði er hinn ótryggi fjárhagsgrundvöllur og sannast þar að það er dýrt að vera fátækur.

<sup>4</sup> „Ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að

---

bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði". Ath. Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir fulltrúa í Safnaráð. Ath. Forstöðumaður ábyrgðarsafns skal vera í fullu starfi og hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á sviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt. Safnið skal að auki hafa hið minnsta einn starfsmann með menntun eða staðgóða þekkingu og reynslu á ábyrgðarsviði safnsins. Nánar skal kveðið á um verkefni, ábyrgðarsvið og fjárveitingar í tímabundnum samningi milli ráðuneytis, hlutaðeigandi safns og viðkomandi höfuðsafns.

<sup>5</sup> Ath. Safnaráð tekur að sér „að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum“. Sveinssafn þarf að fá skráningarkerfi sitt viðurkennt hjá Safnaráði.

<sup>6</sup> Hugmyndin er að dagatölin verði prentuð skv. eftirspurn erlendis. Þau taka mið að sýningarefninu hverju sinni þannig að tvö dagatöl fylgja hverri sýningu með mismunandi myndum.

<sup>7</sup> Sbr. tónleika Berlínar Philharmóníunnar, sem fólk gerist áskrifandi að og fær sent til sín yfir netið annaðhvort í tölvu eða sjónvarp.

<sup>8</sup> 7 ár liðu á milli fyrsti og annarrar/þriðju sýningar safnsins í Hafnarborg.